

Fyrsti stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands 28.apríl 2010 að Engjavegi 6, kl. 17.00.
Mætt voru: Sigurjón Pétursson, Kári Rafn Karlsson, Gry Ek, Guðjón Hafliðason og Auðunn Jónsson.

Þetta gerðist:

1) Stjórnin skipti með sér verkum og ábyrgð.

Formaður er Sigurjón Pétursson. Hann stjórnar og ber ábyrgð á starfi stjórnar og er fulltrúi Kraftlyftingasambandsins í samskiptum við ÍSÍ og önnur samtök innanlands og utan.

Varaformaður er Guðjón Hafliðason. Hann hefur umsjón með skráningar í Felix og samskipti við lyfjaeftirlit ÍSÍ. Enn fremur situr hann ásamt formanni í útbreiðslunefnd.

Ritari er Gry Ek. Hún sér um skráningar á mót, samskipti við útlönd, heimasíðu, fundargerðir, skjalavörslu og önnur ritarastörf.

Gjaldkeri er Kári Rafn Karlsson. Hann sér um fjárvörslu sambandsins, kannar möguleika á styrkjum og umsóknir/uppgjör þar um.

2) Lagðar fram tillögur um skipun í nefndir og önnur embætti,

Fjölmiðlafulltrúi, mótanefnd, dómaranefnd, útbreiðslunefnd, fræðslunefnd, landsliðsnefnd, keppnisreglunefnd.

3. Ný kennitala.

Málið í vinnslu.

4. Heimasíða.

Lénið kraft.is verður skráð á nýja kennitölu Kraftlyftingasambands Íslands. Ákveðið var að ganga til samstarfs við Klaus Jensen sem hefur boðið fram aðstoð sína án endurgjalds við að hanna nýja heimasíðu í Wordpress. Stjórnin samþykkti hið höfðinglega tilboð Klaus. Gry vinnur með Klaus og kynnir nýja útlitið fyrir stjórnina um leið og það liggur fyrir.

5. Önnur mál.

Ákveðið var að koma á fund með kraftlyftingadeild UMF Selfoss í júní.

”Kjötmet”. Stjórnin ákvað að taka upp umræðu um hvort og þá hvernig KRAFT ætti að skrá Íslandsmet án útbúnaðar.

Samþykkt að auglýsa strax eftir mótum á mótaskrá 2011. Skilafrestur 1.september. Gry auglýsir á kraft.is

Upplýst var að búið er að greiða þátttökugjald og doping-fee fyrir landsliðið á HM í bekkpressu og EM í kraftlyftingum. Búið er að greiða aðildargjald í NPF.

Næsti fundur var ákveðinn 27.mai kl. 17.00

Fundi slitið kl. 18.30

Fundarritari: Gry Ek